

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. Afgreiðslugjöld.

	kr.
1.1. Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ. m. t. endurútgáfa glataðra skírteina	1 000,00
1.2. Breyting á skírteinum einstaklinga, þ. m. t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini	300,00
1.3. Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga	4 000,00
1.4. Útgáfa, endurútgáfa, breyting og endurnýjun lofthæfisskírteina vélknúinna loftfara og breyting skrásetningarskírteina, þ. m. t. breytingar á skrásetningarmerkjum	2 000,00

2. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara.

- 2.1. Skoðunar- og eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtaksþunga þeirra.
- 2.2. Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfisskírteinis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald.
- 2.3. Gjald fyrir útgáfu lofthæfisskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs skoðunar- og eftirlitsgjalds.
- 2.4. Gjald fyrir tímabundið lofthæfnisskírteini (t.d. framlengingu lofthæfisskírteinis eða ferjuheimild), fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.
- 2.5. Hálf árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í janúar og júlí ár hvert fyrir næstliðið hálf ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfnisskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.
- 2.6. Fari skoðun og/eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.
- 2.7. Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld fyrir loftför knúin hverfihreyflum eru:

a) fyrir loftför allt að 5700 kg	5,20 kr/kg
b) fyrir loftför 5701–50000 kg	17 100,00 kr
+ gjald fyrir þyngd umfram 5700 kg	2,35 kr/kg
c) fyrir loftför yfir 50000 kg	133 745,00 kr
+ gjald fyrir þyngd umfram 50000 kg	1,20 kr/kg

3. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda.

- 3.1. Skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og hámarksflugtaksþunga þeirra.
- 3.2. Gjald við fyrstu útgáfu flugrekstrarleyfis er það sama og árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald, og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um hvað varðar fjölda og þyngd loftfaranna.
- 3.3. Hálf árlegt skoðunar- og eftirlitsgjald skal greiða í janúar og júlí ár hvert fyrir næstliðið hálf ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.
- 3.4. Fari skoðun og/eða eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld skoðunarmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

3.5. Árleg skoðunar- og eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir:	kr.
a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg	4 500,00
b) fyrir hvert loftfar 2701–5700 kg	9 000,00
c) fyrir hvert loftfar 5701–50000 kg	30 000,00
d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg	45 000,00

4. Prófgjöld.

4.1. Fyrir bókleg próf greiðist eftirtalin gjöld:	kr.
a) einkaflugmannspróf	2 000,00
b) atvinnuflugmannspróf	3 000,00
c) blindflugspróf	2 500,00
d) flugkennarapróf	2 500,00
e) flugumsjónarmannspróf	3 000,00
f) flugvéltækispróf	3 000,00
g) flugrekstrarstjóra- og tæknistjóraþróf	1 500,00
h) fyrir hlutaþróf og endurtekningu prófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein	500,00

4.2. Verkleg próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af flugmálastjórn/loftferðaeftirliti. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til flugmálastjórnar.

5. Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

5.1. Afgreiðslugjöld samkvæmt 1. gr. greiðast hjá loftferðaeftirliti flugmálastjórnar, en öll önnur gjöld greiðast hjá gjaldkera flugmálastjórnar á Reykjavíkflugvelli.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 88 7. febrúar 1986 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 4. desember 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Birgir Guðjónsson.

GJALDSKRÁ

yfir efna- og örverurannsóknir er Rannsóknastofnun
fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr/klst
1. Sérfræðingur	1 275,00
2. Aðstoðarmaður	1 015,00
3. Sérfræðingur, rannsóknnaðstaða notuð	1 655,00
4. Aðstoðarmaður, rannsóknnaðstaða notuð	1 405,00